Nr. 53.
10.
nóvbr.

# Lög

um

## viðauka við lög 14. des. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð **Danmerkur konungur,** Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, **Stórmæri, Þjettmerski,** Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í samþykktum, er gerðar eru samkvæmt lögum 14. des. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, er heimilt að ákveða, að greiða skuli allt að einnar krónu gjald af hverjum hlut frá sjó, yfir vertíð hverja, til að bæta lendingar á svæði því, er samþykktin nær yfir.

2. gr.

Gjald það, er ræðir um í 1. gr., greiðist af óskiptum afla, og skal formaðurinn annast um greiðslu þess. — Að öðru leyti skulu í samþykktinni settar reglur um innheimtu gjaldsins, og má taka það lögtaki á þann hátt, sem segir í lögum 16. des 1885

3. gr.

Fje það, sem heimt er inn samkvæmt samþykktum þeim, er getur um í lögum þessum, skal vera í ábyrgð sýslunefndar, er sjer um ávöxtun þess á sem tryggastan og haganlegastan hátt, og veitir sýslunefndin fje úr sjóðnum, er þörf þykir, til að bæta lendingar á samþykktarsvæðinu.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 10. nóvember 1905.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***
(L. S.)

***H. Hafstein.***

Nr. 53. Lög 10. nóvember um viðauka við lög 14. des. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 53.
10.
Novbr.

om

## Tillæg til Lov af 14de Decbr. 1877 om forskellige Punkter vedrørende Fiskeri paa aabne Baade.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

I Vedtægter, der udfærdiges overensstemmende med Lov af 14de Decbr. 1877 om forskellige Punkter vedrørende Fiskeri paa aabne Baade, kan det bestemmes, at der skal erlægges en Afgift af indtil een Krone af hver Fangstlod i hver enkelt Fiskesæson, hvilken Afgift skal anvendes til Forbedringer af Landingssteder indenfor det Omraade, for hvilket Vedtægten gælder.

§ 2.

Den i § 1 omhandlede Afgift erlægges ved Baadførerens Foranstaltning af Fangsten inden dens Deling. De nærmere Regler om Opkrævning af Afgiften, der kan inddrives ved Udpantning paa den i Lov af 16de Decbr. 1885 foreskrevne Maade, fastsættes i Vedtægten.

§ 3.

Syselforstanderskabet er ansvarligt for og besørger Forrentning paa den mest betryggende og hensigtsmæssige Maade af de Penge, der opkræves i Henhold til de i denne Lov omhandlede Vedtægter. Sysselforstanderskabet bevilger ogsaa Midler af Beholdningen, hvor saadanne tiltrænges til Forbedring af Landingssteder indenfor Vedtægtens Landomraade.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 10de November 1905.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

---

**Islands Ministerium, den 10. November 1905.**

***H. Hafstein.***

*Ólafur Halldórsson.*

Nr. 53. Lov 10. November om Tillæg til Lov af 14de Decbr. 1877 om forskellige Punkter vedrørende Fiskeri paa aabne Baade.